



# Siðareglur birgja

Landsbankinn vinnur að sjálfbærni með því að hafa áhrif á þrjár meginstoðir sjálfbærni (samfélag, umhverfi og efnahagslegan hagnað), UFS-tengda þætti (umhverfismál, félagslega þætti og stjórnarhætti) og stýra umbreytingaráhættu og raunlægri áhættu. Út frá sjálfbærnistefnu bankans hafa verið sett markmið sem markvisst er unnið að en stöðu þeirra er miðlað árlega í árs- og sjálfbærnisráskýrslu bankans.

Landsbankinn er aðili að hnattrænu samkomulagi Sameinuðu þjóðanna (UN Global Compact) og hefur því skuldbundið sig til þess að vinna að tíu grundvallarviðmiðum Sameinuðu þjóðanna er varða sjálfbærni. Í gegnum viðskipti sín við birgja og þjónustuaðila ber bankinn keðjuábyrgð á því að öll virðiskeðjan stuðli að sjálfbærum viðskiptaháttum. Landsbankinn gerir þær kröfur til sinna birgja og þjónustuaðila að þeir ástundi ábyrga starfshætti sem styðja við sjálfbærni. Lykilbirgjar bankans og birgjar þeirra þurfa því að vinna að grundvallarmarkmiðum hnattræna samkomulagsins og geta sýnt fram á það, annað hvort með aðild að samkomulaginu eða með því að rökstyðja hvernig þeir vinna að markmiðunum, ef þess er óskað.

**Til að vinna að markmiðum hnattræna samkomulagsins þarf að tryggja eftirfarandi atriði:**

## Mannréttindi

Skapa vinnuumhverfi þar sem alþjóðleg mannréttindi eru virt, ávallt með því hugarfari að valda öðrum ekki skaða. Gæta skal sérstaklega að mannréttindum minnihlutahópa og fullvissa sig um að starfsemin sé ekki meðsek að mannréttindabrotum.





## Vinnumarkaður

### Félagafrelsi og réttur til kjarasamninga.

Styðja við félagafrelsi og viðurkenna rétt starfsfólks til kjarasamninga. Gæta þess að starfsfólk í öðrum löndum hafi einnig rétt til félagafrelsis og kjarasamninga, m.a. með því að tryggja að vinnuumhverfi þeirra sé laust við þvinganir og ógnanir.

### Engin nauðungar- og þrælkunarvinna.

Tryggja að starfsemin tengist ekki nauðungar- og þrælkunarvinnu. Starfsfólk skal vera frjálst til að yfirgefa starf sitt ef það svo kýs, í öllum þeim löndum sem starfsemin kann að ná til.

### Engin barnavinna.

Tryggja að starfsemin notist ekki við barnavinnu. Alþjóðavinnumálastofnunin hefur skilgreint barnavinnu mismunandi eftir þróunarstigi landa og tegund vinnu og fyrirtæki skulu gæta þess að starfsemin á hverjum stað fylgi þeirri skilgreiningu.

### Jöfn tækifæri.

Tryggja jöfn tækifæri í starfi fyrir alla óháð kyni, kynþætti, kynhneigð, litarhafti, trúarbrögðum, stjórnmálaskoðunum, félagslegri stöðu, aldri, fötlun, stéttarfélagsaðild eða öðrum atriðum sem gætu haft áhrif á starfstækifæri ef aðgát er ekki viðhöfð.



## Umhverfi

Styðja beitingu varúðarreglu í umhverfismálum. Varúðarreglan kveður á um að ef hætta er talin á alvarlegu eða óbætanlegu umhverfistjóni má ekki beita fyrir sig skorti á vísindalegri fullvissu sem rökum fyrir því að fresta aðgerðum er koma í veg fyrir hugsanlegt tjón.

Stunda reglubundið áhættumat á umhverfisþáttum starfseminnar með það að markmiði að reyna að koma í veg fyrir umhverfisskaða.

Fyrirtæki eru hvött til þess að koma sér upp umhverfisstjórnunarkerfi og marka sér umhverfisstefnu fyrir starfsemi sína. Að lokum eru fyrirtæki hvött til þróunar og nýtingar á umhverfisvænni tækni í starfsemi sinni.



## Spilling

Vinna gegn hvers kyns spillingu, þar með talið kúgun og mútum, bæði í eigin starfsemi og aðfangakeðju sinni. Fyrirtæki eru hvött til þess að marka sér stefnu gegn mútum og spillingu.